

skoðunargjörð tveggja áreiðanlegra manna, er skyn bera á slíkt, að húsið sje í alla staði eins og áskilið er. 42

27. febr.

8. að húsið verði eign prestakallsins í stað núverandi baðstofu, búrs, eldhúss og bæjardyra, og að presturinn haldi því vel við og að hann eða bú hans svari því á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður og háæruverðugi herra til þóknlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli til húsabyggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra í þóknalegu brjefi dags. 13. p. m. og eptir beiðni prestsins að Gaulverjabæ, sjera Jóns Steingrímssonar, er studd er meðmælum hlutadeigandi prófasts, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að tjeður prestur taki lán handa prestakallinu, að upphæð 2800 kr., er ávaxtist og endurborgist af tekjum prestakallsins ekki síðar en á allt að 25 ára fresti, til þess að byggja á staðnum tvíloftað timburhús 11×12 álnir að stærð, járnþakið og járnvarið móti suðri og austri, ásamt sjerstöku útibúri með torfveggjum og járnþaki 6×4½ al. á stærð, er sje tengt aðalhúsinu með járnþaktri skúrbyggingu, — með skilyrðum þeim er nú skal greina.

43
27. febr.

Byggingunni skal lokið vera sama árið og lánið er tekið; skal hún framfara undir umsjón prófasts. Helminginn af hinni ofan nefndu lánsupphæð má ekki taka fyrr en presturinn hefur sannað með tilhlýðilegri skoðunargjörð að hið fyrirhugaða íbúðarhús með útibúri og skúr sje fullgjört og í áskildu standi, með þeirri stærð og fyrirkomulagi, sem fram er tekið hjer að framan og í skjölum þeim er fylgdu beiðni prestsins um lántökuna; mega þá og niðurfalla hin núverandi bæjarhús, baðstofa, búr, eldhús, bæjardyr, gangur og skemma, en hin nýja bygging skal síðan vera eign staðarins, og er presturinn skyldur að váttryggja hana fyrir eldsvoða með 3000 króna váttrygging að minnsta kosti og viðhalda henni rækilega; skal hann eða dánarbú hans skila byggingunni í fullgildu standi eða með tilhlýðilegu álagi, þegar hann fer frá brauðinu eða fellur frá. Smíðja verður að fylgja staðnum eptirleiðis eins og hingað til.

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður þetta til þóknlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar skal jeg geta þess, að hið umrædda lán getur ekki fengizt úr landssjóði.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu um endurveiting hlunninda til handa sparisjóði. — Með brjefi þessu endurveitti landshöfðingi sparisjóðnum á Sauðárkróki um 5 ár hlunnindi þau, sem talin eru í tilsk. 5. jan. 1874, frá 1. ágúst næstkomandi til 1. ágúst 1896, með sömu skilyrðum og hlunnindi þessi höfðu áður veitt verið sama sparisjóði (sjá Lhbr. 31. ágúst 1886, Stjt. 1886 B, nr. 109, bls. 128). 44

23. marz